

**Erindi flutt á aðalfundi Grámosans, félags sumarhúsaeygenda við Grámosagötu á Snæfoksstöðum 19 sept 2009.**

Hvað erum við skógarmenn að gera hér á Snæfoksstöðum ?

Rækta skóg í tilraunaskyni ?

Rækta skóg til timburframleiðslu ?

Rækta skóg til kolefnisbindingar ?

Rækta skóg til fegurðarauka ?

Rækta skóg til jólatrjáa ?

Rækta skóg til að pirra náttúruverndarmenn ?

Ég held að svarið sé allt þetta, nema kannski ekki það síðasta. Ég held að skógargeirinn hafi litið á sig í upphafi sem fyrstu náttúruverndarmennina á Íslandi. Það hefur ekki breyst, þó talsmenn hinna svörtu sanda haldi nú öðru fram. Mjög var á tímabili haldið fram verndun birkiskóga og hamast í bændum þessa lands að þeir færu illa með gróðurinn. Rollunni var kennt um og ekki að ósekju. Það var auðvita allt of mikið af fé í landinu. Það er í lögum um skógrækt ríkisins að henni beri að vernda birkiskóga.

Nú eru birki og víðiskógar víða að koma upp. Nánast alls staðar þar sem sauðfjárbreit er aflétt skeður slíkt. Við sjáum dæmi um það afa víða.

Fyrir nokkrum árum var gert heiðursmannasamkomulag um það milli skógræktarmanna og náttúruverndarmanna að birkiskógar skyldu friðhelgir. Í þá skyldi a.m.k. ekki planta erlendum trjategundum. Var þar fyrst og fremst átt við gömlu kjarrskógana vítt um land en síður þá birkikræðu sem átti eftir að koma upp við friðun. Við hér á Snæfoksstöðum fórum ekki varhluta af þessari samþykkt í fyrra þegar mikið uppistand varð út af hefðföllum í birki og víðikjarri í Snæfoksstaðalandi, sem einhver starfsmaður náttúrufræðistofnunar hafði rekið augun í. Þetta hafa margir séð fyrir norðan Biskupstungnabrautina í Snæfoksstaðalandi. Þetta eru hefðfölin sem við plöntum í.

Þannig hafa nánast allar spildur verið unnar í Snæfoksstaðalandi undir gróðursetningu, allar götur síðan 1989. Af hverju gerum við þetta svona? Jú það er auðveldara og skipulegra að planta í svona herfisför heldur en planta með gömulu aðferðunum þegar allt var gert á handafli.

Orðinu líffræðileg fjölbreytni er haldið mikið á lofti núna.

Náttúruverndargeirinn í þessu landi telur að með ræktun barrskóga (monokultur) sé fjölbreytnin eyðilögð. Skógarbotnin er auður og ber og tegundir fáar. Þetta er raunar aðeins tímabundið ástand. Ljós kemur síðar inn í skóginn og með því aðrar tegundir.

Raunin er að fjölbreytnin breytist ekki, hvað varðar plöntutegundir, fuglalíf og líf í ám og vötnum. En tegundasamsetningin breytist og einnig fjöldi einstaklinga.

### Hverju er verið að planta?

Mest er plantað af **Stafafuru**. Síðan kemur Sitkagreni, en aðrar tegundir minna. Stafafuran er afar auðveld í ræktun. Henni er plantað og borið á hana einu sinni og hún lifir og vex allstaðar nema kannski þar sem vindur nærðir mikið. Hún þolir frostpolla (lægðir í landinu þar sem kalt loft safnast saman) og hún þolir rýran sem ríkan jarðveg. Hún þolir blaut og þurr svæði. Hún framleiðir um 5 m<sup>3</sup> viðar pr ha á ári. Hún er ekki mjög gott timburtré í eðli sínu sökum mikillar greinasetningar, en hún er afar nægjusöm með jarðveg og hér er jarðvegur almennt rýr. Það eru aðallega tvö kvæmi í gangi í Stafafuru.

Strandkvæmið **Skagway** frá Alaskaströndinni og innlandskvæmið **Tutshi Lake**, sem kemur af hásléttunni í Bresku Colombíu sem er í 700 m.h.y.s innan við strandfjöll Alaska. Innlandsfuran er krónuminni en strandfuran gulnar afar mikið seinhaustis og hentar illa sem jólatré.

Sú trjátegund sem við vildum helst vera að planta er **Sitkagreni**. Það er í raun eina barrtréð sem við eigum hér sunnanlands sem skilar einhverjum viðarvexti að ráði. Á góðri jörð er það að framleiða 8-10 m<sup>3</sup>/ha á ári. (Fura 5m<sup>3</sup>) í mjög

beinum bolum. Það sem hamlar því að við ræktum meira af Sitkagreni eru lyngmóarnir hérna. Lyngið gefur frá sér vaxtarlétjandi efni sem sitkagrenið þolir illa. Þetta er svonefnd lyngreitrun. Þetta efni hefur engin áhrif á Furuna. Í gangi eru tilaunir með að drepa lyngið og planta síðan greni.

Hér er til svolítið af **Blágreni**. Það hefur látið undan nú síðustu ár og hefur sitkalúsin farið illa með það. Það er líka líklega of vetrarheitt hér sunnanlands fyrir það. Til er gamall reitur af Brodd og Blágreni hér ofan við munann að Skógargöngunum, þar sem Broddgrenið hefur að mestu drepist en eitthvað af Blágreninu stendur eftir.

**Rauðgreni** var plantað í talsverðu magni á fyrstu árunum hér 1955-1970. Það hefur ekki verið mikils vaxtar hingað til þótt það sér farið að taka dálítið við sér nú hin síðustu ár eftir að hlýnaði. Sitkagrenið stingur það alls staðar af í vexti.

Segja má að Rauðgreni hafi borgað fyrir ræktun sína með því að gefa jólatré í miklu magni á árum áður, en nú er það ekki lengur í tísku sem slíkt.

**Lerki** hefur þrífist illa. Eingöngu hefur verið plantað Rússa og Síberíulerki. Við höfum vonir um að Evrópulerki geti vaxið vel hér. Í undirbúningi er að afla fræs af Lerki úr mikilli hæð í Swissnesku og Austurísku ölpunum. Við þurfum að fara upp í ca 1800-2000 metra til að ná fræi sem okkur hentar. (*Innskot BG 03/2011; vorið 2010 var plantað 9 kvæmum af Alpalerki á Snæfoksstöðum*)

**Bergfuru** var plantað á sínum tíma, en hún er ekki neitt timburtré, þótt hún geti verið falleg sem skraut í blandi við annað. Sveppur „Gremeniella“ er farinn að herja á Bergfuru og Broddfuru og virðist ætla að ganga af þeim dauðum. Bergfuran kom mest úr Pyreneafjöllum á landamærum Frakklands og Spánar.

**Skógarfuru** þarf varla að nefna, hún er að mestu löngu dauð. Furubarrlúsin drap hana á sínum tíma. Síðustu ár virðist þó að þær skógarfurur sem hafa tórað vera orðnar lúslausar. Nýplantanir af Skógarfuru virðast ekki taka lús að ráði. Giskað er á að lúsin eigi orðið náttúrulegan óvin, þótt ekki sé vitað hver hann er. Nokkrar ungar skógarfurur standa í röð upp við Snæfoksstaðahlið. Nýleg kvæmatilraun með Skógarfuru er í Snæfoksstaðalandi. Nýlegar vísbendingar eru um að skógarfura frá ströndinni í Norður Þrændalögum sé all

saltþolin og þoli hafrænu betur en strandkvæmið af Stafafuru. Nokkur reynsla er komin á kvæmið Flatangaer sem er ættað frá ystu strönd N-Þrændalaga.

Við höfum lítið stundað gróðursetningu **lauftrjáa**. **Ösp** hefur þó verið plantað vestur á mýrunum, en mest til skjóls. Henni fer vel fram. Birki hefur nánast ekki verið plantað. Framleiðsla þess á viði er afar lítil eða um 1 m<sup>3</sup>/ha ári. Okkur finnst ekki taka því að planta birki. Öspin er að framleiða 10-15 m<sup>3</sup>/ha á ári. Reyniviði hefur verið plantað í litlu magni síðustu árin til skrauts.

Nú, er eitthvað að varast þegar vð plöntum ?

Það er ekki margt. Flestar plöntur lifa hér. Það þarf að varast frostpollana. Birkikræðan segir okkur nokk hvar þeir eru. Ef lítið sem ekkert kjarr er á ákveðnum lágtliggjandi svæðum, þá er þar líklega frostpollur.

Alla jörð má bæta með húsdýra og tilbúnum áburði. Landið er skjólsamt og hiti nær hátt á góðum dögum. Lyng hindrar vöxt grenis en lynginu má eyða.

Líklega er skemmtilegast að planta í sumarbústaðalóðir þannig að sem mest fjölbreytni skapist í gróðrinum og að planta í óreglulegar gúppur.

Það magn sem er plantað í skógrækt er ca 2500 plöntur á ha. Millibil 2x2 metrar. Það er allt of mikið í sumarbústaland. Mér er nær að halda að 1000 plöntur/ha sé yfirdrifið.

Áburðargjöf þarf að eiga sér stað við gróðursetningu. Fura þarf ekki meira en eina áburðargjöf, en greni og hinar þurftameiri plöntur þurfa áburð oftár. Ekki er þörf á að bera á á hverju ári. Þá verða plönturnar eins og eiturlyfjasjúklingar og neita að vaxa nema fá áburðinn. Í þettum greniskógi vara áhrif áburðar allt að 8 árum.

Litur nála sýnir ástandið. Gular nálar= köfnunarefnisskortur. Stuttar nálar = forsforskortur. Endurtekið kal í toppum = snefilefnaskortur (mangan bór ofl). Best er að nota Blákorn sem áburð. Það inniheldur flest næringarefni. Oft er spurt um áburðarskammta og áburðartegundir: og er því til að svara að best er að nota ekki köfnunarefnisríkan (N) áburð á ungplöntur, heldur áburð sem inniheldur talsverðan fosfór (P) og ekki er verra að ýmis snefilefni fylgi með. Áburður eins og Blákorn og Græðir 1 henta vel. Magnið er: 1 gramm af áburði

fyir hvern lengdarsentimeter plöntunnar. 50 cm planta = 50 grömm. Mikilvægt er að dreifa áburðinum umhverfis plöntuna, en ekki hrúga honum upp að stofni hennar. Það er vís leið til að drepa plöntuna.

Í **leigusamningi** ykkar er ákvæði um það að planta í lóðirnar. Það er ekki svo að skilja að þéttplanta eigi í alla lóðina. En ætlast er til að hún sé nýtt til trjáræktar.

BG sept 2009, mars 2011.